

S A M Þ Y K K T**fyrir Vatnsveitufélag Vettleifsholtshverfis í Ásahreppi.****1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Vettleifsholtshverfis. Heimili þess og varnarþing er í Ásahreppi í Rangárvallasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna, Rifshalakots, Vettleifsholts, Lindarbæjar og Kastalabrekku.

Stofngjald greiðist af hverju býli kr. 3000.00 — þrjú þúsund —.

4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lög-
mæts aðalfundar. Nýtt býli greiðir þrjú þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur
aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýtt býli
verður að kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega til að það geti
notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega. Skal félagsstjórn ákveða upphæð hans þannig
fyrir hvert reikningsár, að nægi greiðslu vaxta afborgana og viðhalds. Vatnsskattur
greiðist í hlutfalli við stofngjald hvers aðila. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er
staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnæginga skuldbindingum þess. Enginn
félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum
er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn
krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið
löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er til-
kynnt fundarboð bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félags-
fundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal
boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef
allir félagsmenn sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna
ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á
aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikn-
ingar af stjórn félagsins, en hana skipa þrír menn, sem að félagsstofnun standa.
Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundar-
boði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Velleifsholts-hverfis í Ásahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

63. Nefnd Verkalýðsfélags Reyðarfjarðarhrepps, aðsetur í Reyðarfjarðarhreppi. Staðfest 16. janúar 1969.
64. Nefnd Verkalýðsfélags Skeggjastaðahrepps, aðsetur í Bakkafirði, N.-Múl. Staðfest 16. janúar 1969.
65. Nefnd Bifreiðastjórafélagsins Keilis, aðsetur í Keflavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
66. Nefnd Offsetprentarafélags Íslands, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
67. Nefnd Vélstjórafélags Ísafjarðar, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
68. Nefnd Verkstjórásambands Íslands, aðsetur í Reykjavík. Staðfest 14. febrúar 1969.
69. Nefnd Sjómannafélags Ísfirðinga, aðsetur á Ísafirði. Staðfest 14. febrúar 1969.
70. Nefnd Verkalýðsfélags Egilsstaðahrepps, aðsetur á Egilsstöðum. Staðfest 14. febrúar 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.